

Sp. 84. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur G. Þórarinnsson, Árni Gunnarsson.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við áskoranir þingmanna frá fjölda þjóðþinga þar sem kjarnorkuveldin eru hvött til að stöðva þegar í stað framleiðslu á kjarnorkuvopnum og allar tilraunir með þau. Á þann hátt yrði stigið mikilvægt skref í áttina að því að stemma stigu við þeirri ógn sem kjarnorkuvopnin skapa framtíð mannkynsins. Nú þegar eru tugþúsundir kjarnorkuvopna til reiðu í vopnabúrum og geryðingargeta þeirra jafngildir samtals 1 000 000 af Hírósímasprengjum.

Alþingi hvetur til samninga um alhliða afvopnun undir alþjóðlegu eftirliti þar sem meðal annars verði samið um eftirfarandi:

- 1) Myndun alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar sem með nýtingu gervihnatta og reglubundnum eftirlitsferðum væri fær um að fylgjast með framkvæmd afvopnunar og upplýsa brot á hinu alþjóðlega samkomulagi.
- 2) Stofnun þróunarsjóðs sem veitti fjármagni, sem áður var ætlað til hernaðar, til að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja úr hungri á sama tíma og árleg heildarútgjöld til hernaðar í heiminum nema yfir 500 000 milljónum dollara.

Alþingi hvetur til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi þingmanna og almennasamtaka þar sem kröfur um kjarnorkuafvopnun og útrýmingu fátæktar úr heiminum eru megin stefnumál.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum voru stofnuð alþjóðasamtök þingmanna sem sérstaklega beita sér fyrir afvopnun og aukinni þróunaraðstoð. Samtökin bera heitið Parliamentarians for World Order. Kanadískir þingmenn höfðu forgöngu um stofnun þeirra og var Mark MacGuigan fyrrum utanríkisráðherra Kanada fyrsti formaður samtakanna. Núverandi formaður er Do-

uglas Roche þingmaður frá Kanada, en meðal stjórnarmanna eru George Thomas forseti neðri málstofu breska þingsins, bresku þingmennirnir John Silkin fyrrverandi ráðherra, Sainsbury lávarður og Ioan Evans. Einnig eru í stjórninni þingmennirnir Harry Aarts frá Hollandi, Ingvar Bakken frá Noregi, Digvijay Sin frá Indlandi og Win Griffiths og Gloria Hooper þingmenn á Evrópuþinginu. Þingmenn frá yfir 30 ríkjum eru félagar í samtökunum, þar á meðal þingmenn frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Írlandi, Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi, Kenýa, Nígeríu, Indlandi og Japan.

Á þessu ári hafa samtökin haft forgöngu um aukna þátttöku þingmanna í umræðum um afvopnunarmál. Á þeirra vegum var samin ítarleg greinargerð um kjarnorkuafvopnun sem sendinefnd frá samtökunum afhenti í sumar ríkisstjórnnum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Auk formanns samtakanna, Douglas Roche, skipuðu sendinefndina Luis Echeverria-Alvares fyrrverandi forseti Mexíkó, John Silkin fyrrverandi ráðherra frá Bretlandi, N. K. P. Salve varaformaður þingflokks Congressflokksins á Indlandi og Alhaji idris Ibrahim varaforseti þingsins í Nígeríu.

Samtökin beita sér nú fyrir undirskriftum þingmanna í fjölmörgum þjóðþingum undir sérstakt ávarp sem ber heitið Call for Global Survival, og hafa nú þegar yfir 600 þingmenn í tugum þjóðlanda undirritað ávarpið.

Í vetur hafa samtökin ákveðið að stuðla að því, að fluttar verði á þjóðþingum margra landa ályktanir um afvopnunarmál. Sú ályktun, sem hér er flutt, er liður í því samstarfi, en hliðstæðar ályktanir hafa verið fluttar á þjóðþingum Kanada, Ástralíu, Indlands, Ítalíu, Nýja-Sjálands, Bretlands, Bandaríkjanna, Nígeríu og á Evrópuþinginu.

Á undanförnnum árum hefur komið æ betur í ljós hve brýn þörf er á raunverulegri kjarnorkuafvopnun. Kjarnorkuvopnum fjölgar sífellt og tæknibúnaður þeirra gerist æ margbrotnari. Fjölmargir sérfræðingar hafa á síðustu mánuðum bent á þá hættu, að kjarnorkustríð brjótist út vegna tæknilegra eða mannglegra mistaka. Vígbúnaðarkapphlaupið hefur magnað hina raunverulegu hættu á tortímingu mannkynsins. Sífellt meira fjármagni er varið til að auka geryðingargetuna á sama tíma og tugir milljóna barna deyja úr hungri og vesöld á hverju ári.

Það er nauðsynlegt að þingmenn beiti sér fyrir því, að þessi þróun verði stöðvuð. Ekkert er mikilvægara en baráttan fyrir varðveislu lífs á jörðinni og gegn dauða vegna hungurs eða tortímingar í kjölfar geryðingarstríðs. Þess vegna hafa hundruð þingmanna úr fjölmörgum þjóðlöndum tekið höndum saman og beita sér fyrir sams konar stefnuyfirlýsingu margra þjóðþinga til að sýna víðtæka samstöðu um nauðsyn afvopnunar. Þessi tillaga er liður í þeirri baráttu.